



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

|                            |
|----------------------------|
| Umhverfisstofnun           |
| Áb. <u>GB1</u> <u>ABG</u>  |
| 11. mars 2014              |
| <u>8.19.1</u>              |
| Tilv. <u>UST2021100103</u> |

Fljótsdalshérað, 7. mars 2014

## Umsókn um starfsleyfi fyrir meðhöndlun og geymslu á moltu


Hér með er sótt um starfsleyfi fyrir meðhöndlun og geymslu á moltu sem unnin er úr lífrænum úrgangi á Fljótsdalshéraði. Meðhöndlunin felst í því að láta moltuna brjóta sig áður en hún verður notuð t.d. við frágang opinna svæða í þéttbýlinu eða sem yfirlag á urðunarstaðnum á Tjarnarlandi. Óskað er eftir því að þessari umsókn um starfsleyfi verði bætt við þá umsókn sem send var UST þann 21. nóvember 2012, vegna urðunarstaðarins á Tjarnarlandi.

Á Fljótsdalshéraði falla til um og yfir 10 tonn af lífrænum úrgangi á mánuði. Í það magn er sett þó nokkuð af trjákurli og hrossataði svo heildar magnið sem bætist við á fyrirhuguðu geymslusvæði er að jafnaði á milli 15 og 20 tonn á mánuði.

Fyrirhugað er að geyma moltuna á þeim hluta urðunarstaðarins sem urðað hefur verið í og gengið frá. Nákvæmlega hvar á frágengna hlutanum moltan verður, verður að vera samkomulag milli sveitarfélagsins, landeiganda og Umhverfisstofnunar. Finna þarf tiltölulega slétt svæði og dreifa þar nokkuð þykku (um 30cm) lagi af trjákurli sem gegnir ýmsum hlutverkum s.s. að hindra að mól blandist moltunni þegar haugunum verður velt við og að auka loftun í moltuhaugunum. Til að hindra að fuglar, aðallega hrafnar, sæki í moltuhaugana verða þeir einnig huldir með trjákurli.

Haugunum verður velt við reglulega til að tryggja að allur lífræni úrgangurinn brotni niður og blöndun verði á efninu. Eftir hverja blöndun verður kurli bætt við undir haugana og þeir huldir með nýju kurli.

Virðingarfyllt,

  
Úlfar Þrausti Þórðarson  
Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

Afrit sent:  
Heilbrigðiseftirliti Austurlands